

Borgarráð

Viðaukar við fjárhagsáætlun 2023**1. Kjarabætur skóla- og frístundasviðs**

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 209.651 þ.kr. vegna kjarasamninga Félags Leikskólakennara (FL), Skólastjórafélags Íslands (SÍ) og Félags Stjórnenda Leikskóla (FSL). Búið var að gera ráð fyrir kostnaðinum miðlægt og verið er að færa hann út á sviðið. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsm.kostnaður	Frá	-209.651
SFS	xxx	Kjarabætur FL, FSL, SÍ	Til	209.651
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Á síðasta ári voru undirritaðir nýir kjarasamningar hjá Félagi Leikskólakennara (FL), Skólastjórafélags Íslands (SÍ) og Félags Stjórnenda Leikskóla (FSL). Um er að ræða a) +25.000kr. á töflu fyrir alla þrjá samningana frá og með 1.1.2022, b) Önnur laun fyrir ákv. starfsheiti hjá FL frá og með 1.5.2022, c) Menntunarbreyting fyrir stjórnendafélögin (SÍ & FSL) frá og með 1.8.2022 og d) Stjórnunarreynslubreyting fyrir stjórnendafélögin (SÍ & FSL) frá og með 1.4.2023.

2. Hækkun á greiðslum jöfnunarsjóðs til tónlistarskóla

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 1.500 þ.kr. vegna hækkunar á framlagi Jöfnunarsjóðs til tónlistarskólanna. Breytingin verður fjármögnuð með hækkun jöfnunarsjóðstekna á kost.st. 00103

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
SKATT	00103	Jöfnunarsjóðstekjur	Frá	-1.500
SFS	xxx	Tónlistarskólar	Til	1.500
Samtals				0



Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Mánaðarlegum greiðslum frá Jöfnunarsjóði er miðlað til tónlistarskóla í samræmi við samninga. Greiðslur frá Jöfnunarsjóði hækka á þessu ári og er gerð tillaga um að SFS fái heimild til að hækka miðlun greiðslna til samræmis.

3. Flutningur fjárheimilda á VEL milli þjónustupátta

Lagt er til að gerðar verði eftirfarandi tilfærslur á fjárheimildum á milli þjónustuhluta á velferðarsviði.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
VEL	xxx	Ýmis úrræði	Frá	-80.061
VEL	xxx	Stjórnsýsla, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf	Til	80.061
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun fylgir tillögunni.

Greinargerð:

Velferðarsvið óskar eftir að færa fjárheimildir milli þjónustupátta. Frá árinu 2010 hefur verið millifært af miðlægum potti á kostnaðarstaði þjónustumiðstöðva vegna launa virkniráðgjafa og frá árinu 2014 vegna stöðugilda sálfræðinga samkvæmt aðgerðaáætlun. Kjarabætur hafa farið á kostnaðarstaði launa samkvæmt launakerfi og millifærslan því haldist nokkuð óbreytt gegnum árin. Óskað er eftir breytingu til að hætta að framkvæma millifærslur og færa fjárheimildir undir viðeigandi kostnaðarstaði.

4. Tjaldsvæðið í Laugardal – kostnaður við langtímastæði

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og íþróttasviðs hækki um 8.724 þ.kr. til að standa undir uppgjörskostnaði við Farfugla ses vegna afnota langtímagesta að tjaldsvæðinu í Laugardal. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn. st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-8.724
MÍT	15255	Tjaldstæði í Laugardal	Til	8.724
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun fylgir tillögunni.

**Greinargerð:**

Þann 27. október 2022 fól borgarráð, íþrótta og tómstundasviði að gera samkomulag við Farfugla ses. um afnot langtímagesta að tjaldsvæðinu í Laugardal, ásamt því að kanna möguleika á staðsetningu fyrir langtímastæði fyrir húsbíla með íbúum sem nú búa á svæðinu í Laugardal. Sömuleiðis var samþykkt að ÍTR gerði samkomulag og gangi frá uppgjöri við Farfugla ses. vegna tímabilsins maí – desember 2022. ÍTR mun annast þrif á svæðinu og aðstöðu að hluta af mannvirkjum á tímabilinu 1. október 2022 – 15. maí 2023. Hámarksfjöldi stæða í langtímaleigu verði 15 talsins og mánaðargjald fyrir hvert stæði verði 50 þ.kr. frá 1. október 2022 og renni það til ÍTR á móti kostnaði. Uppgjör við Farfugla ses. vegna langtímastæða liggur nú fyrir og er ófjármagnaður kostnaður vegna ársins 8.724 þ.kr. og verður þetta bókað á árinu 2023.

5. Jafnlaunastofa – hækkun greiðslna vegna orlofsskuldbindinga

Lagt er til að fjárheimildir mannauðs- og starfsumhverfissviðs hækki um 1.500 þ.kr. vegna samninga við Jafnlaunastofu. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205,ófyfirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þ.kr.)
ÖNN	09205	Ófyfirséð (ÖNN)	Frá -1.500
MOS	01455	Jafnlaunastofa	Til 1.500
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Við gerð fjárhagsáætlunar Jafnlaunastofu fyrir árið 2022 var byggt á forsendum úr launaáætlun Reykjavíkurborgar enda áttu kjör starfsfólks að haldast óbreytt við tilfærslu frá Reykjavíkurborg til Jafnlaunastofu. Við áætlanagerðina var orlof starfsfólks gert upp en það láðist þá að áætla fyrir orlofsskuldbindingu Jafnlaunastofu. Til að bregðast við því og tryggja getu Jafnlaunastofu til að standa undir skuldbindingum er þörf á einskiptis viðbótarframlagi í fjárhagsáætlun 2023 til að komast til mót svið skuldbindinguna. Í ljósi þessa er óskað eftir hækkuðu framlagi eigenda í áætlun 2023 upp á 1,5 milljón króna á hvorn eiganda samtals 3 milljónir króna.

6. Hækkun á árgjaldi hjá samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Lagt er til að fjárheimildir skrifstofu miðlægrar stjórnsýslu verði hækkaðar um 2.913 þ.kr. vegna hækkunar á árgjaldi. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205,ófyfirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þ.kr.)
ÖNN	09205	Ófyfirséð (ÖNN)	Frá -2.913
RHS	01080	Árgjald SSH	Til 2.913
Samtals			0



Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarstjórnar, 20. desember 2022, máls MSS22010003 þar sem samþykkt var starfs- og fjárhagsáætlun Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Á aðalfundi SSH þann 18. nóvember 2022 var samþykkt að hækka árgjaldið úr 139 krónum á hvern íbúa upp í 156 krónur á hvern íbúa.

7. Nýsköpunarvika – framlag Reykjavíkurborgar

Lagt er til að fjárheimildir 09510, ýmsar samningsbundnar greiðslur, verði hækkaðar um 2.500 þ.kr vegna framlags Reykjavíkurborgar til að styrkja Iceland Innovation Week. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -2.500
ÖNN	09510	Ýmsar samningsbundnar greiðslur	Til 2.500
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun fylgir tillögunni.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs, 10. nóvember 2022, máls MSS22090037, tillaga að styrk til nýsköpunarviku. Samþykkti borgarráð fjárstyrk um 2.500 þ.kr. næstu tvö árin, 2023 og 2024.

8. Nefnd um Vöggustofur

Lagt er til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á fjárheimildum sameiginlegs kostnaðar (ÖNN) vegna heildstæðrar athugunar á starfsemi vöggustofa að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsenfélagsins.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -64.000
ÖNN	09510	Ýmsar samningsbundnar greiðslur	Til 64.000
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talin þörf á jafnréttismati.

Greinargerð:

Vísað til samþykktar borgarráðs frá 10. nóvember 2022 liður 11, mál MSS22110041, Heildstæð athugun á starfsemi Vöggustofunnar Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsenfélagsins - Tillaga að tíma- og kostnaðaráætlun. Er þetta í samræmi við samþykkt borgarráðs 10. mars og 22. júlí 2022 um heildstæða athugun á starfsemi Vöggustofunnar að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsenfélagsins. Þá skal nefndin leggja fyrir borgarráð tíma- og verkáætlun um störf nefndarinnar þar sem fram komi meðal annars



Reykjavíkurborg

umfang og áherslur í starfi, auk áætlaðs kostnaðar. Áætlaður heildarkostnaður er 76.000 þ. kr. Þar af eru 12.000 þ.kr. 2022 og 64.000 þ.kr. 2023.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri